

Félags- og húsnæðismálaráðherra,
Eygló Harðardóttir,
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu,
101 Reykjavík

19. apríl 2016

Efni: Varðar skammtí mavistun á Vesturlandi.

Landssamtökin Þroskahjálp (LP) vísa til bréfs síns til ráðuneytisins, dags. 13. desember 2013, varðandi ákvörðun þjónusturáðs Vesturlands um að leggja niður skammtí mavistun á svæðinu og annarra erinda sinna til ráðuneytisins varðandi sama mál. Einnig vísast til ákvæða 9. og 22. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum, um skyldu sveitarfélaga til að bjóða skammtí mavistun og skyldu ráðherra samkvæmt 3. gr. sömu laga til að hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Þá vísast til úrskurðar úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála frá 18. júní 2014 í máli nr. 1/2014.

Með bréfi, dags. 24. október 2014, kvörtuðu Landssamtökin Þroskahjálp til umboðsmanns Alþingis yfir því að ráðuneytið hefði ekki svarað ofangreindum erindum samtakanna með fullnægjandi hætti.

Umboðsmaður svaraði kvörtunarbréfi samtakanna með bréfi, dags. 11. nóvember 2014. Þar segir m.a.:

Í ljósi þess sem fram kemur í erindum ráðuneytisins til samtakanna, dags. 15. september sl. og 23. október sl., um að óskað hafi verið eftir tilteknum upplýsingum frá þjónusturáði Vesturlands vegna málsins fæ ég ekki betur séð en að velferðarráðuneytið hafi tekið erindi samtakanna til meðferðar í ráðuneytinu sem sérstakt stjórnsýslumál og að það sé enn til umfjöllunar hjá ráðuneytinu. Í ljósi þess og þeirra sjónarmiða sem að framan eru rakin um að leiðir innan stjórnsýslunnar séu fullnýttar áður en leitað er til umboðsmanns Alþingis með kvörtun tel ég ekki tilefni til að taka mál samtakanna til athugunar að svo stöddu. Þá tel ég með hliðsjón af kvörtun samtakanna og þeim gögnum sem henni fylgdu um farveg málsins að enn hafi ekki orðið slíkur dráttur á svörum ráðuneytisins við fyrirspurnum samtakanna að tilefni sé til að ég taki það til sérstakrar athugunar að svo svo komnu máli. Hef ég þá einnig í huga að ráðuneytið hefur nýlega ítrekað erindi sitt við þjónusturáð Vesturlands.

Með vísan til framangreinds lýk ég því meðferð minni á kvörtuninni, sbr. 1. mgr. 10 gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Að fenginni niðurstöðu velferðarráðuneytisins geta samtökin leitað til mín að nýju séu þau enn ósátt. Þá geta samtökin einnig leitað til mín að nýju ef frekari tafir verða á svörum ráðuneytisins vegna meðferðar málsins.

Með vísan til þess sem að framan er rakið og til sjónarmiða og reglna stjórnsluréttar varðandi málshraða og í ljósi þess að ráðuneytið hefur ekki enn svarað fyrirspurn samtakanna sem vísað er til hér að framan fara samtökin þess á leit að ráðuneytið svari án frekari dráttar umræddum erindum þeirra. Ef ráðuneytið getur af einhverjum ástæðum ekki orðið við þeirri ósk er þess óskað að það upplýsi samtökin um ástæður þess og hvenær svars er að vænta.

Með vísan til kvörtunar samtakanna til umboðsmanns Alþingis frá 24. október 2014 og bréfs umboðsmanns til samtakanna frá 11. nóvember 2014 sendist umboðsmanni afrit af bréfi þessu.

Virðingarfyllt,

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri LP

Afrit:

Umboðsmaður Alþingis.